



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	URN25110058 - Frumvarp til laga um aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (EES innleiðing - CBAM)
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	☒ Já ☐ Nei
Dags.	22.12.25

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Frá árinu 2012 hefur Ísland tekið virkan þátt í viðskiptakerfi Evrópusambandsins (ESB) með losunarheimildir (ETS-kerfið). Kerfið er eitt helsta stjórnþæki ESB á sviði loftslagsmála og felur í sér að fyrir nánar tilgreinda starfsemi þurfi að greiða fyrir losun gróðurhúsalofttegunda með losunarheimildum.

Aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (CBAM), sem kveðið er á um með *reglugerð (ESB) 2023/956 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis* (gerðin), er mikilvægur þáttur í að jafna samkeppnishæfni fyrirtækja sem falla undir ETS-kerfið og vinna íslensk stjórnvöld því að upptöku hennar í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn). Gerðin lýtur að því að koma á tollum á innbyggt kolefni í vörum með stórt kolefnisfótspor (ál, stál og járn, sement, vetni, rafmagn og áburð) við innflutning á tollasvæði ESB. Þannig er unnið gegn svokölluðum kolefnisleka sem felst í því að kolefnisfrekur iðnaður flytjist til annarra landa vegna hertrar loftslagsstefnu á því svæði sem flust er frá.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að koma í veg fyrir kolefnisleka, þ.e. að framleiðslufyrirtæki með stórt kolefnisfótspor flytji sig til landa með veikari umhverfislöggjöf.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Hvergi er fjallað um efni gerðarinnar í íslenskum lögum og því er lagasetning nauðsynleg.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Íslensk stjórnvöld vinna að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum leiðum, auk þess sem þau taka þátt í samstarfi á EES-svæðinu um metnaðarfulla loftslagsstefnu.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Að koma í veg fyrir innflutning á vörum með stórt kolefnisfótspor og efla samkeppnishæfni vara sem bera lágt kolefnisfótspor.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Innflutning á vörum með stórt kolefnisfótspor og lakari samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu með lágt kolefnisfótspor.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Engin önnur úrræði í boði.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Setning nýs lagabálks.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Áformað er að leggja fram frumvarp sem felur í sér að heildarlög verði sett um CBAM-kerfið. Ólíklegt að aðrar leiðir séu mögulegar. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Upptaka CBAM-kerfisins hér á landi mun m.a. fela í sér að smám saman verði hætt að úthluta endurgjaldslausum losunarheimildum til iðnaðarstarfsemi sem fellur undir ETS-kerfið. Má því gera ráð fyrir að lagaákvæði um slíka úthlutun verði felld brott.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Já, skuldbindingar skv. EES-samningnum. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Já, tollalöggjöf, lög um ETS-kerfið og lög um loftslagsmál.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Innflytjendur vara með stórt kolefnisfótspor og útflutningsaðilar vara í viðeigandi tollaflokkum, s.s. álframleiðendur. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Já, fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Við undirbúning að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn hefur farið fram mikið samráð við bæði fjármála- og efnahagsráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Skatturinn hefur einnig komið mikið að málinu og þá hefur verið átt samráð við Umhverfis- og orkustofnun. Upplýsingum um málið hefur jafnframt verið miðlað til helstu hagsmunaaðila. 4. Fyrirhugað samráð. Við innleiðingu gerðarinnar er stefnt að því að halda áfram samráði við þá aðila sem nú þegar hefur verið leitað til. Þá verður áfram notast við Samráðsgátt stjórnvalda og m.a. miðað við að samráð muni fara fram um drög að frumvarpi.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. a) Lagasetningin mun ekki hafa kostnaðaráhrif á ríkissjóð þar sem kostnaði verður mætt með gjalddöku. b) Jákvæð umhverfisáhrif. c) Mögulegar breytingar á löndum sem íslensk fyrirtæki eiga viðskipti við.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Umhverfis- og orkustofnun, mun í samstarfi við Skattinn, bera þungann af innleiðingu laganna þar sem áformað er að stofnunin sinni hlutverki lögbærs stjórnvalds með CBAM-kerfinu á Íslandi. Undirbúningur og aðlögun er nú þegar hafin og ráðgert að honum ljúki áramótin 2026 og 2027, en þá er áætlað að kerfið hafi tekið fullt gildi hér á landi. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Sjá þarf til þess að þeir aðilar sem fara með innleiðinguna hafi nauðsynleg aðföng til að framfylgja megi lögunum. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. Innflutnings- og útflutningstölfræði. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Já, innleiðing gerðarinnar gerir ráð fyrir öflun gagna sem munu verða nýtt til að meta árangur CBAM-kerfisins.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.